

Ár 1914, mánudaginn 2. nóv., var í landsyfirdóminum í
málinu 34/1914

Jón Laxdal
gegn
Sigurði Lýðssyni
fyrir hönd
Lyder Höydals.

uppkveðinn svofeldur

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Jón Laxdal, kaupmaður í Reykjavík, gegn Lyder Höydal, kaupmanni í Vestmannaeyjum, fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu með stefnu útgefinni 7. sept. 1912, til greiðslu á skuld, að upphæð kr. 1710.00, er áfrýjandi hafði fengið sér framselda til eignar og umráða 6. sept. 1912 af Jóni Einarssyni í Vestmannaeyjum, ásamt 6% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Fyrir hönd Lyder Höydals höfðaði Sigurður Lýðsson yfirréttarmálaflutningsmaður í Reykjavík gagnsök í máli þessu með stefnu útgefinni 3. okt. 1912, og krafðist þess, að áfrýjandi yrði dæmdur til þess að greiða honum f. h. Lyder Höydals kr. 2009.32 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi gagnsakar til greiðsludags. Var málið dæmt í gestaréttinum 26. nóv. 1913 með þeim úrslitum, að aðalstefndur skyldi sýkn af kröfum áfrýjanda, en áfrýjandi var dæmdur til að greiða Sigurði Lýðssyni f. h. Lyder Höydals kr. 1809.32 með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til borgunardags og málskostnað með 40 krónum.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 16. júlí þ. á., og hefir gert þær

kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kærum og kröfum gagnstefnanda, (stefnda fyrir yfirdómi) og að honum (áfrýjanda) verði dæmð hin umstefnda upphæð kr. 1700.68 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en til vara, að kaup Jóns Einarssonar, meðan hann var hjá Höydal, verði ákveðið af dómkvöddum verzlunarfróðum mönnum, en að öðru leyti haldist aðalkrafan. Loks hefir áfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi og gestaréttinum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir krafist staðfestingar á gestaréttardóminum, og málskostnaðar til handa umbjóðanda sínum fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Krafa sú, er áfrýjandi höfðaði mál þetta útaf, er risin af viðskiftum Jóns þess Einarssonar, sem áður er nefndur og Lyder Höydals. Var Jón í þjónustu Höydals frá 10. maí 1905 til 10. maí 1909, eða alls 4 ár. Er krafan um kaupgjald Jóns um þann tíma, auk þóknunar fyrir skriftir, er hann hafi unnið í þarfir Höydals eftir að hann fór úr fastri þjónustu hjá honum. Hefir krafan af hálfu áfrýjanda verið sundurliðuð þannig:

I. Laun Jóns Einarssonar meðan hann var við verzlun Höydals:

1. frá $\frac{10}{5}$ 1905	$-\frac{10}{5}$ 1906	kr. 1500.00
2. frá $\frac{10}{5}$ 1906	$-\frac{10}{5}$ 1907	— 1800.00
3. frá $\frac{10}{5}$ 1907	$-\frac{10}{5}$ 1908	— 2000.00
4. frá $\frac{10}{5}$ 1908	$-\frac{10}{5}$ 1909	— 2000.00

II. Fyrir skriftir o. fl.

1. frá $\frac{6}{7}$ — $\frac{31}{12}$ 1909	— 35.00
2. frá $\frac{1}{4}$ — $\frac{31}{12}$ 1910	— 125.00

Flyt kr. 7460.00

	Fluttar	kr. 7460.00
3. frá $\frac{1}{1}$ — $\frac{31}{12}$ 1911	—	50.00
4. frá $\frac{1}{1}$ — $\frac{31}{12}$ 1912	—	50.00
III. Afsláttur, er Jón Einarsson taldi		
sér bera á vörum útteknum í verzlun		
Höydals frá $\frac{1}{1}$ — $\frac{31}{12}$ 1909	—	150.00
	Samtals	kr. 7710.00

Upp í þetta er það viðurkennt að áfrýjandi hafi tekið í verzlun Höydals vörur, er eigi voru á annan hátt greiddar, fyrir kr. 6009.32

Og verða þá eftirstöðvarnar kr. 1700.68 er áfrýjandi krefst sér dæmdar fyrir yfirdómi.

Þegar Jón Einarsson réðist í þjónustu Höydals, var eigi gerður um það skriflegur samningur. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Jóni hafi verið lofað 900 kr. í kaup fyrsta árið og 100 kr. viðbót, ef vel gengi, en síðan hafi hann ekki átt að fá nema 1000 kr. á ári, nema hvað Höydal hafi dregist á það við Jón, að hann fengi síðasta árið 200 kr. viðbót, ef vel gengi. En því er haldið fram að þessi skildagi hafi ekki ræzt, því að verzlunin hafi gengið illa. Áfrýjandi heldur því fram, að engir samningar hafi verið gerðir um kaup Jóns þessi árin, og beri honum því kaup eftir venju og miðað við störf hans við verzlun Höydals. Jón Einarsson virðist hafa haft aðallega bókhaldarastörf á hendi við verzlun Höydals, og eftir því sem upplýst er í málinu, virðast bókhaldaralaun í Vestmannaeyjum hafa verið á þessu tímabili 800—1800 kr. Eitt vitni hefur og borið það, að það hafi hlustað á viðtal þeirra Jóns og Höydals, þegar Jón réð sig til Höydals, og hafi þeim samist svo um kaup, að Jón skyldi hafa 900 kr.

og eitthvað meira, ef Höydal sæi sér fært. Svo hafa vitni borið það, að Jón hafi sjálfur sagst hafa haft 1200 kr. árkaup hjá Höydal síðasta árið, en þessi frásögn Jóns stóð í sambandi við umleitanir Vestmannaeyinga við hann um það, að hann tæki að sér forstöðu kaupfélags eins, er stofnað var þar í eyjunum, og hafði Jón þá sízt hvöt til að segja kaup sitt hjá Höydal lægra en það var í raun og veru, þar sem ætlandi var, að kaup hans við kaupfélagið yrði að einhverju leyti ákveðið með hliðsjón til þess kaups, er hann hafði áður haft. Þegar til alls þessa er litið og ennfremur til þess, að ósennilegt er, að Jón Einarsson hefði verið 4 ár samfleytt í þjónustu Höydals, án þess að ákveðið væri, hvert kaup hann skyldi hafa, þá virðist verða að leggja til grundvallar skýrslu stefnda um þetta atriði, með því að áfrýjandi hefir engar sannanir fært fyrir því, að Jóni hafi verið heitið hærra kaupi en stefndi kannast við, að hann hafi lofað honum. Stefndi hefir ómótmælt haldið því fram, að eftir síðasta árið, sem Jón Einarsson hafi verið hjá Höydal, hafi verzlun hans orðið að hætta af því, að aðal-skuldheimtumaður hennar hafi gengið að henni og sýnist með þessu færð nægileg sönnun fyrir því, að verzlunin hafi eigi gengið vel síðasta árið, sem Jón var hjá Höydal, og að Jón hafi því eigi fengið kröfu til umræddrar 200 kr. viðbótar við kaup sitt það ár. Það verður því að álita, að Jóni hafi verið fullgaldið kaup með 1000 kr. hvert ár, eða með 4000 kr. alls. Þar sem viðurkent er, að Jón hafi skuldað Höydal kr. 6009.32 fyrir útteknar vörur, verður mismunurinn kr. 6009.32 ÷ kr. 4000 = kr. 2009.32.

Liðnum II, kr. 260, er áfrýjandi krefur fyrir

skriftir o. fl., er Jón Einarsson hafi int af hendi fyrir Höydal eftir að hann fór frá verzlun hans, hefir stefndi eindregið mótmælt. Telur hann Jón enga vinnu hafa látið Höydal í té, eftir áður nefndan tíma, er borgun beri að greiða fyrir. Áfrýjandi hefir engar sannanir fært fyrir þessum lið kröfu sinnar, og verður hann því eigi gegn mótmælum stefnda tekinn til greina.

Um III. lið kröfu áfrýjanda, kr. 150.00, sem hann krefst í uppbót eða afslátt á vörum, er Jón Einarsson tók í verzlun Höydals, er sama máli að gegna sem II. lið. Áfrýjandi hefir engar sönnur leitt að því, að Jóni hafi verið þessum afslætti heitið eða að hann eigi heimtingu á honum af öðrum ástæðum, og verður þessi liður því eigi tekinn til greina.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda í aðalsökinni eins og í dómi gestaréttarins er gert.

Eins og sagt var, höfðaði stefndi gagnsök í héraði í máli þessu á hendur áfrýjanda, þar sem hann krafðist þess, að áfrýjandi yrði dæmdur til þess að greiða honum (stefnda) kr. 2009.32, sem er mismunur sá, sem áður getur, milli úttektar Jóns Einarssonar og kaupgjalds hans. Eins og áður er sagt fékk áfrýjandi kröfuna, sem aðalsökin er af risin, samkvæmt framsali kröfueigandans upphaflega, án allrar áhyrgðar á því, sem framseljandi kynni að skulda Höydal út af þessum eða öðrum skiftum. Áfrýjanda var því að eins skylt að þola skuldajöfnuð, en en alls eigi þola dóm til sjálfstæðrar greiðslu áður nefnds mismunar. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um sýknum í gagnsökinni, og breyta gestaréttardóminum að þessu leyti.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að máls-

kostnaður, bæði aðal- og gagnsakar fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Lýðsson fyrir hönd Lyder Höydals, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóns Laxdals, í aðalsök, og áfrýjandi á að vera sýkn af kröfum stefnda í gagnsök þessa máls. Málskostnaður bæði fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi falli niður.

Ár 1914, mánudaginn 9. nóv. var í landsyfirdóminum í málinu 45/1914

Réttvísinn
gegn

Jakobi Guðmundssyni.

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Mál þetta var höfðað af hálfu réttvísinnar gegn ákærða Jakobi Guðmundssyni þurrabúðarmanni í Hjarðarholti í Glæsibæjarhreppi fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu fyrir brot gegn 23. kapitula almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og var ákærði með dómi sama réttar, gengnum 20. marz þ. á., dæmdur í 5 daga fangelsi við vata og brauð og til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsfærslukaup til verjanda í héraði, 10 kr. Dómi þessum hefir verið skotið til landsyfirdómsins af hálfu réttvísinnar.